

4. grein.

Sje skólinn ekki stofnaður áður en innstæðan með vöxtum hefur náð upphæðinni 2000 rd., skal verja vöxtunum til ferðastyrks handa slíkum unglingi, og um var getið, sem óskar að útvega sjer fyrir utan Ísland nauðsynlega kunnáttu um landbúnað og jarðyrkju og á hann, til þess að fá styrkinn útborgaðan, að snúa sjer að mönnum þeim, sem fyrst eru nefndir í 3. grein og eiga að veita gjöfina. Meðmæli hjeraðsprófastsins um, að hlutaðeigandi beiðandi sje hjálparinnar maklegur, ber að útvega.

Þessi ákvörðun fellur úr gildi, undir eins og skólinn er stofnaður í norður og austurumdæmi Íslands, og skal þá breytt eptir því, sem fyrir er skipað í 2. grein.

5. grein.

Stjórn sjóðsins á að senda árlega til landshöfðingjans yfir Íslandi skilagrein um efnis sjóðsins og meðferðina á þeim. Ørum og Wulff.

Auglýsing.

Með auglýsingu dagsettri 24. febrúar þ. á. og prentaðri í stjórnartíðindunum 1875 A 1 hefur fjárhagsstjórn ríkisins birt á þessu landi lög um bann gegn gjaldgengi schlesvig-holsteinskra spesiupeninga; en jafnframt leyft að taka megi peninga þessa í gjöld til jarðabókarsjóðsins til 1. ágúst þ. á. fyrir það verð, sem á þeim stendur.

Fyrir þá sök, skal skorað á alla, sem hafa undir höndum 2 ríkisdala-, 8 marka-, 4 marka-, 2 marka-, 1 marks- eður 8 skildinga-peninga, er hljóða upp á

1 spesiú eður 60 skildinga schlesvig holsteinsk kúrant

$\frac{2}{3}$	—	—	40	—	—	—	—
$\frac{1}{3}$	—	—	20	—	—	—	—
$\frac{1}{6}$	—	—	10	—	—	—	—
$\frac{1}{12}$	—	—	5	—	—	—	—
$\frac{1}{24}$	—	—	2 $\frac{1}{2}$	—	—	—	—

að skipta þeim hjá landfógetanum fyrir gjaldgenga peninga sem allra fyrst og síðast innan júlímánaðarloka þ. á.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. dag aprilmánaðar 1875¹.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Umburðarbrjef (til amtmanna og sýslumanna).

Til að afstýra því, að nautapest og annar næmur fjársjúkdómur flytjist til landsins, skipast, samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa hans hátignar konungsins fyrir Ísland, svo fyrir:

Þegar hingað kemur skip frá landi, þar sem vart hefur orðið við nautapest eður annan næman sjúkdóm í skepnum, og ráðgjafi konungs eður landshöfðingi fyrir hans hönd þessvegna hefur bannað, að flytja fyrst um sinn frá slíku landi hingað skepnur eða hluta af þeim t. d. skinn og horn, eður hefur gjört það að skilmála fyrir slíkum flutningi, að öllu sóttarefni hafi verið eytt (að það, sem er flutt, hafi verið «desinficerað»), skal lögreglu-

1) Sama dag var báðum amtmönnum ritað um málið, og eru þeir beðnir að tjá sýslumönnum, að landshöfðinginn búist við, að þeir geri allt það, er í þeirra valdi stendur, til að leiðbeina almenningi í þessu efni, að þeir taki á manntalsþingum í vor kúrantpeninga upp í þinggjöld, og að þeir jafnvel taki við þessum peningum í skiptum fyrir ríkiedala- og anra-peninga. Þar að auki voru amtmenn beðnir að brýna fyrir sýslumönnum, að þeir ættu að senda landfógeta alla þá spesiupeninga, er þeim bæri að höndum svo tímanlega, að þeir gætu verið komnir hingað innan júlímánaðarloka.

Hinn 29. apríl 1875.